



Bessastöðum,
10. apríl 2020

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra
utanríkisráðuneytinu
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Á merkum tímamótum sendi ég öllu starfslíði utanríkisþjónustu Íslands heillaóskir og þakkir fyrir farsæl störf og giftudrjúg í áranna rás.


Hart var í heimi fyrir réttum áttatíu árum, styrjöld í Evrópu og Danmörk hernumin þannig að okkur Íslendingum reyndist brýn nauðsyn að taka utanríkismál okkar tafarlaust í eigin hendur. Vissulega höfðum við átt okkar sendimenn ytra fyrir þessi kaflaskil, gert okkar alþjóðasamninga og gætt okkar hagsmuna. En til þessa dags, 10. apríl 1940, má með réttu rekja upphaf íslenskrar utanríkisþjónustu.

Æ síðan hafa fulltrúar hennar, ráðherrar, sendiherrar og annað starfsfólk, sinnt þörfum Íslands á alþjóðavettvangi. Og þar hafa viðfangsefnin verið fjölþætt og af ólíkum toga. Má þar nefna viðskipti og varnir landsins, landhelgismál og þróunarsamvinnu. Eins mikilvæg hefur hún ætíð verið, þjónusta við Íslendinga utan landsteinanna, ekki síst þegar fólk hefur ratað í vandræði og þarf aðstoð við lausn sinna mála.

Dimmt var yfir þjóðlífinu 10. apríl 1940. Nú eru einnig blikur á lofti. Blessunarlega er vandi okkar ekki eins ærinn og við blasti þá, og átti eftir að versna enn frekar. Samkennd og samstaða mun reynast vel í baráttu okkar við veiruna skæðu sem nú herjar á landsmenn og aðra. Aðdáunarvert hefur verið að fylgjast með borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins. Starfslíð hér heima og ytra hefur bjargað mörgum landanum úr bráðum vandræðum eins og ótal dæmi sanna. Órækara dæmi um gildi utanríkisþjónustunnar er vandfundið.

Utanríkisþjónustan hefur vaxið í tímans rás, enda hefur verkefnum fjölgað og verksviðið breyst. Undirstaðan er þó óbreytt, að gæta hags Íslands og Íslendinga í bráð og lengd.

Ég ítreka heillaóskir mínar og þakkir, og óska öllum starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar.

A handwritten signature in blue ink, reading "Guðni Th. Jóhannesson". The signature is fluid and cursive, with the first letters of the first and last names being capitalized and prominent.

Guðni Th. Jóhannesson